

## Úttekt á stjórnýslu Hafnarfjarðarbæjar

Lagt er til að gengið verði til samninga við Capacent um framkvæmd stjórnýsluúttektar hjá Hafnarfjarðarbæ. Í verkefninu verður sérstaklega horft til þess hvernig auka megi þjónustu og skilvirkni í rekstri og starfsemi sveitarfélagsins með hagnýtingu upplýsingatækni, skýrari verkferlum, og öfluglu starfsumhverfi.

Eftirfarandi markmið verða lögð til grundvallar úttektinni og fulltrúum Capacent falið að:

- Vinna greiningu og leggja mat á styrkleika og veikleika í þjónustu, verkaskiptingu og samstarfi.
- Kanna hvort og þá hvernig væri unnt að auka skilvirkni í stjórnkerfi bæjarins með breytingum á verkferlum og samstarfi.
- Kanna hvar helstu tækifæri liggja gagnvart frekari hagnýtingu upplýsingatækni í innra starfi og með stafrænni stjórnýslu.

Úttektin verður unnin á grunni viðtala og vinnustofa með aðkomu starfsmanna, íbúa og annarra hagsmunaaðila. Samhliða verkefninu er gert er ráð fyrir því að opnað verði fyrir ábendingagátt fyrir íbúa þar sem hægt er að kalla eftir sjónarmiðum og ábendingum frá þeim sem leita til sveitarfélagsins með þjónustu og erindi.

Við lok verktímabilsins liggja fyrir úrbótaáætlun fyrir sveitarfélagið. Í niðurstöðum verði leitast við að hafa skýra forgangsröðun þar sem í fyrsta forgang fari verkefni sem geta haft mikil áhrif til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ.

Gert er ráð fyrir að úttektin verði unnin á tímabilinu frá 3. september 2018 til 15. desember 2018. Í verkáætlun Capacent er gert ráð fyrir heildarkostnaði upp á 7,4 – 8,4 m.kr.